

- 117** 18. Haukadalsskarð }  
 3. nóvbr. 19. Laxárdalsheiði } milli Dalasýslu og Strandasýslu,  
 20. Snartartunguheiði }  
 21. Steingrímsfjarðarheiði milli Strandasýslu og Ísafjarðarsýslu,  
 22. Þorskafjarðarheiði milli Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu,  
 23. Vatnsskarð }  
 24. Gönguskarð } milli Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu,  
 25. Öxnadalsheiði }  
 26. Heljardalsheiði } milli Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu.  
 27. Siglufjarðarskarð }

Þetta er hjér með auglýst almenningi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 9. nóvbr. 1876.

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.

**118**  
 15. nóvbr.

### Umburðarbrjef

*til allra bæjarfógeta og sýslumanna.*

Eptirfarandi reglur með tilliti til tollreikninga og skilríkja þeirra, sem þeim eiga að fylgja, eru hjér með brýndar fyrir öllum reikningssemjöndum.

1.

Þess ber nákvæmlega að gæta, að í sjálfum tollreikningnum sje tilgreint, hvenær skip það, sem flytur hinar tollskyldu vörur, hafi hafnað sig og sýnt skjöl sín, því að þá er tollgjaldið fallið til borgunar, sbr. tilsk. 26. febr. 1872, 2. grein.

2.

Tollreikningunum skal fylgja útdráttur eða ágríp af tollskrá hvers skips, sjá umbbr. dstj. 13. apríl 1872, sbr. augl. ráðgj. fyrir Ísl. 16. febr. þ. á., 3. gr. Útdrátturinn á að tilgreina allar tollskyldar vörur, sem á tollskránni standa, hvort sem þær eru ætlaðar til innflutnings eða til skipsforða. Í útdráttinn ber einnig að taka vottorð það, sem tollstjórnarmenn í Danmörku eiga að rita á hverja tollskrá til Íslands, um að mál á hinum tollskylduvörum og þungi þeirra sje rjett tilgreindur. Svo á að taka upp í útdráttinn yfirskrípt, dagsetning og undirskrípt tollskrárinnar, og engu úr því að sleppa.

3.

Vottorð það, sem heimta skal af hverjum skipstjórnarmanni samkvæmt umbbr. dstj. 13. apríl 1872, og fylgja á tollreikningnum, á að gefa skýlausa skýrslu um allar tollskyldar vörur, sem með skipinu flytjast, hvort heldur þær eru ætlaðar til innflutnings eða til skipsforða. Geti reikningshaldarar, eigi sjálfir heimt vottorð þessi, ber þeim að brýna fyrir umboðsmönnum sínum, sem vottorðin eiga að taka, að fara í því efni stranglega eptir fyrirmælunum í áminnstu umburðarbrjefti frá 13. apríl 1872 2. gr. 2,

4.

Falli tolltekjur til landssjóðs við sektir, skipströnd, reka eða annað þviumlíkt, þá er það vitaskuld, að tekjur þessar ber að telja í tollreikningunum. En tilfalli engin slík tekjugrein, á reikningshaldari að láta reikningi sínum fylgja vottorð þess efnis.

5.

Ef svo er, að engar tolltekjur hafa tilfallið í einhverju lögsagnarumdæmi, svo sem af

því, að þar er ekkert löggilt kauptún, og tollar eigi heldur hafa tilfallið við skipströnd eða reka o. s. frv., þá ber hlutadeigandi reikningshaldara við hver árslok að senda landshöfðingja neitandi vottorð í þá átt. **118**  
15. nóv.

6.

Ársreikningum þeim, sem sýslumenn og bæjarfógetar eiga að gjöra fyrir tolltekjunum á yfirstandandi ári, skal fylgja vottorð um, *hve nær* (hvern dag) hin nýju lög um vín- fanga- og tóbakstoll, dags. 11. febr. þ. á., hafi verið þinglesin í þinghám þeim í lög- sagnarumæðmum þeirra, þar sem löggilt kauptún eru, og tollur því hefir getað tilfallið.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. nóvember. 1876.

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.

— *Brjef* landshöfðingja til sýslumanna og hins setta lögreglustjóra í fjárkládamálinu um rit um bráðapest í sauðfje. Til útbýtingar meðal helztu fjáreiganda í sýslu yðar sendist yður hjer með, herra sýslumaður, N. exemplör af riti um bráðapest í sauðfje eptir sira Guðmund prófast Einarsson á Breiðabólstað, sem prentað hefir verið með styrk úr landssjóði. **119**  
21. nóv.

Skyldi rit þetta gefa tilefni til þess, að greindir búendur í sýslu yðar tæku eptir öðrum orsökum til áminnstrar fjársýki eða öðrum ráðum við henni en þeim, sem tilgreind eru í ritinu, býzt jeg við að fá skýrslu frá yður um það.

### **Auglýsing**

*um póstmál.*

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 7. þ. m. samþykkt neðannefndar breytingar á 2., 7. og 8. grein auglýsingar frá 3. maí 1872, **120**  
21. nóv.

1, að aðalpósturinn frá Akureyri austur í Múlasýslu, er áður hefir gengið milli Akureyrar og Djúpavogs, skuli eptirleiðis ganga frá Akureyri austur á Seyðisfjörð.

2, að aðalpósturinn milli Prestsbakka og Djúpavogs haldi áfram þaðan að Höskuldsstöðum og beint til Seyðisfjarðar.

3, að póstaftgreiðslan á Egilsstöðum verði flutt að Eyðum í Eyðaþinghá.

4, að póstgangan frá Egilsstöðum til Vopnafjarðar hætti, en í stað hennar verði látinn ganga aukapóstur milli Grímsstaða og Vopnafjarðar.

5, að póstaftgreiðslumaðurinn á Seyðisfirði fái 70 kr. árslau.

Breytingar þessar öðlast gildi frá 1. janúar 1877, þannig, að pósturinn fer frá Djúpavogi 19. janúar næstkomandi um Höskuldsstaði og Eskifjörð til Seyðisfjarðar, og byrjar þaðan 25. s. m. hina nýju póstgöngu milli Seyðisfjarðar og Akureyrar.

Í sambandi við nefnda breytingu mun aukapóstganga byrja milli Seyðisfjarðar og Eskifjarðar.

Miðsvetrarpósturinn mun eptirleiðis taka bæði brjefa- og bögglasendingar, og flytja þær aðalpóstleiðirnar í hinum vanalegu póstskrinum.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 27. nóvbr. 1876.

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.